

Kvæðing			
Númer	12010047	Átt.	H-H
Stofn	3.0.2	Átt.	
Dagur	19.03.2012	Följ.	
Stofn		Tilvís.	

Nefnd um endurskoðun iðnaðarlaga  
b.t. Hjálmars Stefáns Brynjólfssonar  
Iðnaðarráðuneytinu  
Arnarhváli  
150 Reykjavík

Konditorsamband Íslands  
kt: 540312-1330  
Pósthólf 25  
121 Reykjavík

Reykjavík, hinn 12. mars 2012

**Efni:** Endurskoðun iðnaðarlaga nr. 42/1978 og reglugerðar um löggiltar iðngreinar, nr. 940/1999.

Allt frá því er fyrstu iðnaðarlögin voru samþykkt á Alþingi (lög nr. 18/1927) hefur réttur iðnaðarmanna til að starfa einir að iðn sinni notið ríkrar verndar. Lög þessi eiga því djúpar og sterkar rætur hér á landi. Hefur kökugerð verið til staðar í iðnaðarlögum frá fyrsta degi.

Eins og réttilega kemur fram í skýrslu nefndarinnar, þá er skv. 1. mgr. 75. stjórnarskrárinnar hægt að setja atvinnufrelsinu skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Iðnaðarlögum er ætlað að tryggja það, að aðeins þeir sem hafa hlotið tiltekna menntun, þekkingu og reynslu, geti starfað við iðngreinar hérlendis. Með lögnum eru verið að viðhalda gæðakröfum og vönduðum vinnubrögð og reyna að sporna við fúski, sem getur valdið almenningi tjóni. Enn fremur er iðnaðarlögum ætlað að hvetja til þess, að menn sjái sér hag í því að læra viðkomandi iðngreinar og öðlast þannig reynslu til að fá að starfa við greinarnar og selja þjónustu og koma í veg fyrir, að menn villi á sér heimildir. Það verður að teljast almenningi til heilla, og án efa eru iðnaðarlögin því einhver bestu neytendalög landsins.

Sömu rök eru höfð til hliðsjónar í læknalögum og lögum um lögmenn. Samkvæmt lögmennalögum nr. 77/1998, 29. gr., mega aðeins þeir, sem hlotið hafa lögmennsréttindi, starfa sem lögmenn og selja þjónustu sem slíkir. Líkt og í iðnaðarlögum er það refsivert að selja lögmennsþjónustu án þess að hafa til þess réttindi. Svipuð ákvæði er að finna í læknalögum og varðandi fleiri starfsstéttir.

Ef ætlunin er að fara að skoða það að fella niður löggildingu iðngreina, þá þarf að skoða málið í stærra samhengi, þ.e. lögverndun starfsgreina í heild sinni. Þyrfti þá að kalla til fleiri hagsmunaaðila í slíka vinnu.

Af skýrslu nefndarinnar má ráða, að tilefni þess, að iðnaðarráðherra skipaði nefndina, séu nýlegir dómur Héraðsdóms Reykjaness í málum nr. S-240/2010 og S-241/2010. Í báðum þessum málum voru aðilar dæmdir til sektargreiðslna þar sem þeir seldu ljósmyndþjónustu án þess að hafa meistaraþróf í faginu. Við meðferð málanna var því m.a. haldið fram, að lögverndunin stangaðist á við ákvæði 75. stjórnarskrárinnar. Í niðurstöðum dómanna segir m.a.:

*„Eru engar forsendur til annars en að telja að mat löggjafans, um að löggilda ljósmyndun sem iðngrein, sé reist á málefnalegum sjónarmiðum. Verður því að hafna þessum rökum ákærðu.“*

Sótt var um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, en rétturinn sá ekki ástæðu til að verða við beiðni aðila. Fordæmisgildi fyrrnefndra héraðsdóma er því ótvírætt. Það er ekkert að núgildandi lögum. Það eina, sem er að, er sú tilhneiging fólks að bera ekki virðingu fyrir menntun og starfi annarra, sem margir hafa lagt á sig með miklu erfiði, oft þegar aðrir sofa sínum fasta svefni

Konditorsambands Íslands telur, að ekki sé nokkur ástæða til að ætla, að löggilding iðngreina samkvæmt iðnaðarlögum stangist á við atvinnufrelsi 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. ofangreinda dóma. Er því ekkert sem mælir með að afnema löggildingu iðngreina samkvæmt iðnaðarlögum. Öllum er frjálst að velja sína atvinnu, þeir verða bara að hafa fyrir því að læra hana.

Að mati Konditorsambands Íslands myndi það einnig hafa alvarlegar afleiðingar fyrir iðnnám í landinu að afnema löggildingu iðngreina þar sem margir sæju sér síður hag í því að læra viðkomandi iðngreinar, og telja mætti líklegt, að iðnmeistarar tækju ekki meira nemendur á samning, og eða jafnvel segðu þeim upp, sem þegar væru á samningi.

Konditorsamband Íslands vill benda á nokkrar augljósar villur í skýrslunni. Í fyrsta lagi hefur kökugerð lengi verið kennd á Íslandi, og var fyrsta sveinsprófið haldið í Reykjavík 20. apríl 1926 í kökugerðarhúsinu á Laugavegi 5. Í seinni tíð hafa allir þeir, sem lokið hafa prófi sem konditorar, orðið að fara til Dannmerkur í skóla, en hafa þó getað tekið verklegan samning á Íslandi hjá kökugerðarhúsum og bakaríum, sem hafa konditora í starfi hjá sér.

Þeir konditorar, sem hafa óskað eftir því að fá útgefin Íslensk sveinsbréf í kökugerð, hafa fengið höfnun frá menntamálaráðuneytinu, vegna þess að ekki er til námsskrá um greinina. Hefur ráðuneytið ekki viljað verða við þeirri beiðni að ráðast í gerð námsskrár.

Í öðru lagi er sagt í skýrslunni, að konditor sé ekki lögvernduð iðngrein í Þýskalandi, en það er með öllu rangt. Konditor er leyfisskyld iðngrein, rétt einsog bakaraiðn. Hér á eftir er vitnað beint í heimasíðu Þýska konditorsambandsins [www.konditoren.de](http://www.konditoren.de) „Das Konditorenhandwerk hat seinen festen Platz im Nahrungsmittelhandwerk ( Bäcker, Brauer und Mälzer, Fleischer, Konditoren, Müller und Weinküfer ) und gehört zu der großen Gruppe der zulassungspflichtigen Handwerke: Die bestandene Meisterprüfung ist Voraussetzung, um selbständig das Konditorenhandwerk mit einer Konditorei oder einem Konditorei-Café auszuüben.“ Samkvæmt lauslegri þýðingu þá á konditorhandverkið sinn fasta stað meðal matvælahandverksgreinanna og til heyrir stórum hópi leyfisskyldra handverksgreina. Að hafa staðist meistarapróf er frumskilyrði fyrir sjálfstæðum rekstri á konditori og eða konditori-café.“

Það hníga hvorki lagaleg né nein almenn rök að því þótt iðngreinar séu annaðhvort orðnar gamlar, eða séu ekki kenndar í landinu, að þær geti ekki verið löggiltar. Sú barátta, sem iðnaðarmenn háðu til að koma iðngreinum á þann stað, sem þær eru, tók tugi ára hér á Íslandi, og jafnvel hundruð ára í Evrópu. Á Íslandi eru tugir manns, sem hafa lagt það á sig að fara erlendis og læra kökugerð, og eru margir af þeim með annað iðnnám á bakinu einsog bakaraiðn eða matreiðslu. Í landinu eru í dag starfandi nokkrir tugir konditora, þó að þeir séu ekki skráðir í bókum ráðuneytisins.

Að mati Konditorsambands Íslands hníga engin rök að því að ætla að fella kökugerð út sem löggilta iðngrein, en halda áfram að löggilda bakaraiðn. Bakaraiðn og kökugerð eru mjög skildar greinar, en þó ekki með öllu eins, en starfa hlið við hlið í sátt og samlyndi. Kökugerð þróaðist sem sérslag út úr bakaraiðn, þegar sykurinn fór að berast til Evrópu á 15. öld. Kökugerðarmenn vinna að jafnaði með

mun viðkvæmari vörur en bakarar og eru oft að framleiða vöru, eins og konfekt, sem hefur iðulega langan geymslutíma. Er það því ákaflega mikilvægt, að fólk hafi góða þekkingu á því sem það er að gera.

Konditorsambandi Íslands þykir það skjóta ansi skökku við, að ekki skuli neinn iðnmenntaður maður hafa verið skipaður í nefnd um endurskoðun iðnaðarlaga. Lög eru ekki einkamál lögfræðinga. Lög eiga að sjálfsögðu þeir að fjalla um, sem þau varðar. Ekki getum við séð, að iðnmeistarar yrðu settir yfir nefnd, sem ætti að fjalla um lögmannalögin. Það yrði talið vægast sagt mjög undarlegt jafnvel galið.

Konditorsamband Íslands setur sig ekki upp á móti því, að löggiltar iðngreinar verði framvegis inni í lögunum, en ekki í reglugerð eins og því er háttað í dag. Teljum við, að það muni jafnvel styrkja lögin, fremur en veikja.

Sú tillaga að löggilda eingöngu starfsheiti, en ekki líka rétt til starfanna, gengur ekki upp að okkar mati. Hún kemur ekki í veg fyrir, að fólk, sem ekki hefur viðeigandi þekkingu, opni líkan rekstur og villi á sér heimildir.

Konditorsamband Íslands er reiðubúið að leggjast í þá vinnu að vinna námskrá á Íslensku í kökugerð, og gera það fyrir eigin reikning. Að því starfi loknu yrði ráðuneytinu færði sú námskrá til eignar og notkunar.

Virðingarfyllt,

F.h. Konditorsambands Íslands

  
Sigurður Már Guðjónsson, formaður

bakameistari

konditormeistari

